

GJALDSKRÁ

fyrir afgreiðslu umsókna, leyfisveitingar og þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúaembættis Skorradalshrepps.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Skorradalshreppur hefur ákveðið skv. heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, að setja gjaldskrá til innheimtu kostnaðar við útgáfu byggingarleyfis, framkvæmdaleyfis og vegna vinnu við skipulagsmál. Gjaldskráin tekur til útgáfu leyfa, skjalagerðar, yfirlestrar gagna, auglýsinga, kynninga og allrar annarrar umsýslu og þjónustu sem embætti skipulags- og byggingarfulltrúa í Skorradal veitir, svo sem vegna bygginga og framkvæmda sem bundnar eru leyfum, gerð skipulagsáætlana og breytingu á þeim, samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 með síðari breytingum og lögum um mannvirki nr. 160/2010 með síðari breytingum.

Tekjum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá þessari skal varið til að standa undir hluta kostnaðar embættis skipulags- og byggingarfulltrúa.

2. gr.

Skilgreiningar.

Afgreiðslugjald: Gjald sem greitt er við móttöku umsóknar byggingarleyfis, framkvæmdaleyfis og um nýja skipulagsáætlun eða breytingar á skipulagsáætlun. Í afgreiðslugjaldi felst kostnaður við móttöku og skráningu umsóknar.

Umsýslugjald: Kostnaður Skorradalshrepps vegna yfirferðar gagna, afgreiðslu umsóknar, útgáfu leyfis, eftirlits, úttektar og útgáfu vottorðs.

Auglýsingagjald: Kostnaður Skorradalshrepps vegna kynningar, birtinga, auglýsinga og póst-kostnaður sem og annar útlagður kostnaður vegna umsýslu umsóknar.

Aukayfirferð: Yfirferð breyttra gagna þar sem umsókn og móttaka gagna hefur áður átt sér stað.

Úttektargjald: Gjald sem greiðist vegna útmælinga, eftirlits eða aukaúttektar, skipulags- og byggingarfulltrúa á framkvæmdastað.

3. gr.

Innheimta.

Innheimta skal afgreiðslugjald vegna umsóknar um byggingarleyfi, framkvæmdaleyfi og nýja skipulagsáætlun eða breytingar á skipulagsáætlun. Innheimta skal byggingarleyfisgjald og framkvæmdaleyfisgjald við veitingu leyfis. Innheimta skal skipulagsgjald vegna meðferðar skipulagsmála. Skorradalshreppur skal innheimta gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá.

4. gr.

Byggingarleyfisgjöld.

Byggingarleyfisgjald er fyrir veitta þjónustu og verkefni byggingarfulltrúa, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyprtar sérfræðiþjónustu, yfirferðar hönnunar- og aðaluppdráttar, útgáfu byggingarleyfis byggingarfulltrúa, útgáfu stöðuleyfa, útmælingu, eftirlit, úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té. Gjald miðast við eina yfirferð aðaluppdrátta.

	kr.
4.1 Afgreiðslugjald við móttöku byggingarleyfisumsóknar	11.750
4.2 Fermetragjald af nýbyggingu eða viðbyggingu	85
4.3 Rúmmetragjald af nýbyggingu eða viðbyggingu	85
4.4 Yfirferð aðaluppdrátta	18.300
4.5 Afgreiðslugjald vegna hvernar úttektar	11.750
4.6 Áfangaúttekt/stöðuúttekt	39.200
4.7 Fokheldisúttekt og vottorð	35.000
4.8 Lokaúttekt og vottorð	56.200
4.9 Úttekt vegna meistaraskipta	39.200

4.10 Úttekt vegna byggingarstjóráskipta	39.200
4.11 Gjald fyrir útkall þegar verk reynist ekki úttektarhæft	11.750
4.12 Mæling lóðar	56.000
4.13 Mæling fyrir húsi á lóð	56.000
4.14 Stöðuleyfi til hálfis árs fyrir hverja einingu	19.600
4.15 Framlenging á stöðuleyfi til hálfis árs fyrir hverja einingu	19.600
4.16 Umsýsla vegna stofnunar lóðar eða breytingar á lóð	18.300
4.17 Húsaleiguúttekt íbúðarhúsnæðis, hvert fastanúmer	35.000
4.18 Húsaleiguúttekt atvinnuhúsnæðis, hvert fastanúmer	45.000
4.19 Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, 1-5 fastanúmer í húsi	35.000
4.20 Viðbót vegna eignaskiptayfirlýsinga, hvert fastanúmer umfram 5 í húsi	7.500
4.21 Yfirferð nýrra eða breyttra hönnunargagna eftir útgáfu byggingarleyfis, lágmark	10.000
4.22 Yfirferð nýrra eða breyttra hönnunargagna eftir útgáfu byggingarleyfis, hámark	85.000

5. gr.

Framkvæmdaleyfisgjöld.

Framkvæmdaleyfisgjald er fyrir veitta þjónustu og verkefni skipulagsfulltrúa, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyprar sérfræðiþjónustu, yfirferðar framkvæmdaleyfisgagna, útgáfu framkvæmdaleyfis skipulagsfulltrúa, útmælingu, eftirlit, úttektir og vottorð sem skipulagsfulltrúi lætur í té. Umsýslugjald miðast við eina yfirferð framkvæmdaleyfisgagna og eina úttekt. Skipulagsfulltrúi áætlað umfang útmælinga, eftirlitsferða og úttekta við útgáfu framkvæmdaleyfis og leggur gjöld vegna þeirra við útgáfu leyfisins. Fyrir vinnu vegna aðkeyprar þjónustu við framkvæmdaleyfi sem nauðsynleg er vegna útgáfu þess skal innheimta sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.

	kr.
5.1 Afgreiðslugjald við móttöku framkvæmdaleyfisumsóknar	10.500
5.2 Umsýslugjald framkvæmdaleyfis skv. 13. gr. skipulagslaga	50.000
5.3 Umsýslugjald framkvæmdaleyfis skv. 13. og 14. gr. skipulagslaga	50.000 + 200.000
5.4 Umsýslugjald framkvæmdaleyfis skv. 13. og 44. gr. skipulagslaga	50.000 + 30.000
5.5 Auka yfirferð framkvæmdaleyfisgagna, pr. klst.	10.500
5.6 Auka úttektargjald, pr. klst.	10.500
5.7 Óveruleg framkvæmd skv. 5. gr. reglugerðar nr. 772/2012, þ.e. graftrarleyfi	30.000
5.8 Umsýsla vegna afhendingar landupplýsinga	10.500

6. gr.

Skipulagsgjöld vegna breytinga á aðalskipulagi.

Skipulagsgjald er fyrir veitta þjónustu og verkefni skipulagsfulltrúa, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyprar sérfræðiþjónustu, yfirferð skipulagsgagna og skjalfærslu gagna. Gjald miðast við eina yfirferð skipulagsgagna.

	kr.
6.1 Afgreiðslugjald við móttöku umsóknar um breytingu aðalskipulags	10.500
6.2 Umsýslugjald vegna breytinga á aðalskipulagi skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga	290.000
6.3 Umsýslugjald vegna óverulegra breytinga á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga	190.000
6.4 Útlagður kostnaður vegna auglýsinga skipulagsáætlana skal innheimtur sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni	
6.5 Auka yfirferð skipulagsgagna, pr. klst.	10.500
6.6 Umsýsla vegna afhendingar landupplýsinga	10.500

7. gr.

Skipulagsgjöld vegna deiliskipulagsáætlana.

Skipulagsgjald er fyrir veitta þjónustu og verkefni skipulagsfulltrúa, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyprtar sérfræðiþjónustu, yfirferð skipulagsgagna og skjalfærslu gagna. Gjald miðast við eina yfirferð skipulagsgagna.

	kr.
7.1 Afgreiðslugjald við móttöku umsóknar	10.500
7.2 Umsýslugjald vegna lýsingar skipulagsáætlunar	50.000
7.3 Umsýslugjald vegna nýs deiliskipulags skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga	138.600
7.4 Umsýslugjald vegna verulegra breytinga á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga	138.600
7.5 Umsýslugjald vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga	46.200
7.6 Umsýslugjald vegna grenndarkynningar skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga	46.200
7.7 Útlagður kostnaður vegna auglýsinga skipulagsáætlana skal innheimtur sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni	
7.8 Auka yfirferð skipulagsgagna, pr. klst.	10.500
7.9 Umsýsla vegna afhendingar landupplýsinga	10.500

8. gr.

Gjalddagi, lögveð.

Afgreiðslugjald fellur í gjalddaga við móttöku erindis og skal vera greitt áður en fjallað er um erindi.

Umsýslu- og auglýsingagjald skal greiða fyrir útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfis.

Umsýslu- og auglýsingagjald skal greiða áður en skipulagstillaga er auglýst eða grenndarkynnt.

Afgreiðslugjöld eru óafturkræf þótt umsókn sé synjað, leyfi falli úr gildi eða umsókn dregin til baka. Leyfis- og auglýsingagjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru ekki endurkræf, þótt ekki verði af framkvæmd.

Heimilt er að gera skriflegan samning um greiðslur. Afgreiðslu-, umsýslu-, auglýsinga-, byggingar-, framkvæmda- og skipulagsgjöldum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og gjaldfallin gjöld má innheimta með fjárnámi.

9. gr.

Verðlagsbreytingar.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu með grunnvísitölu 131,6 í september 2016. Gjöldin taka mánaðarlegum breytingum í samræmi við breytingar á vísitölunni.

10. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Skorradalshrepps, tekur gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Með samþykkt gjaldskrár þessarar fellur úr gildi gjaldskrá fyrir afgreiðslu umsókna, leyfisveitingar og þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúaembættis Skorradalshrepps nr. 834/2011.

Skorradal, 26. október 2016.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Árni Hjörleifsson oddviti.